

7. mál. Markaðsstyrkur til fyrirtækja. Oddviti greindi frá markaðsstyrk sem gerður var af sveitarstjórn árið 2013.

Greinargerð um markaðstyrkinn er eftirfarandi:

Eigendur og/eða leigjendur að fasteignum, sbr.3. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr: 6/2001, í sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppi geta sótt um markaðsstyrk, til að auka nýtingu viðkomandi atvinnuhúsnæðis í sveitarfélaginu.

Forsendur fyrir styrknum eru:

1. Að umsókn sé dagsett og skýrt komi fram hvaða ár markaðsátakið fari fram.
2. Að í umsókn komi fram staðsetning og fasteignanúmer fasteignarinnar skv. fasteignaskrá.
3. Að umsækjandi sé eigandi fasteignarinnar eða hafi umboð eiganda til að taka við styrknum. Í því sambandi ber að minna á 23.gr. laga nr:36/1994.
4. Að umsækjandi lýsi skriflega í hverju markaðsátakið sé fólgið og áætlaður heildarkostnaður á árinu. Tekið skal sérstaklega fram ef um sameiginlegt markaðsátak vegna tveggja eða fleiri atvinnuhúseigna, klasasamstarf er að ræða.
5. Ef umsækjanda dettur ekki í hug neitt markaðsátak eða getur rökstutt að þess sé ekki þörf getur hann sótt um á grundvelli verkefna sem fela í sér aukna sjálfbærni, umhverfisþættingu, kynjajöfnunar og lýðræðisþróunar.

Samþykkt af sveitarstjórn á 12. fundi,

miðvikudaginn, 9. janúar 2019.